

# VEIÐIDAGBÓK



1998



*J. Vilhjálmsson*

Byssusmiðir  Ammererie

Norðurstígur 3a, 101 R.vík Sími 561 1950 Fax 561 1952

Málsmíði	Almennar
Hnifasmíði og brýnsla	byssuviðgerðir
Sérpöntun á varahlutum	Byssusmiði
Byssur á söluskrá	Skeftismíði og mátun
<b>PECAR</b> handsmiðaðir þýskir sjónaukar	Blámun
	Málmgröftur

Sérmenntaður skotvopnasmíður með diploma í byssu- og skeftismíði frá einum virtasta skóla í veröldinni Ecole d'Armurerie í Liege í Belgíu.

## Öryggis- og peningaskápar fyrir heimil og fyrirtæki



Mikið úrval hentugra skápa undir byssur, skot, verðbréf, samninga, skartgrip, lyf, privat pappíra, filmur og fleira. Þú getur farið áhyggjulaus að heiman vitandi af því sem þér er dýrmætt í skáp frá GAGNA.

Leitaðu upplýsinga  
Sími 555 0528



## Efnisyfirlit

	bls
Ásbjörn Dagbjartsson, minning	2
Refa-og minkaveiðar 1997	3
Ástand rjúpnastofnsins og horfur	7
Rannsóknir á fari ungra refa	10
Gæsa- og andamerkingar	14
Veiðiskýrsla	18
Veiðidagbók veiðimannsins	20
Skotvís	29
Veiðitölur	31
Friðuð svæði	32
Kort af friðlýstum svæðum	34
Happdrætti og skodanakönnun veiðikortakerfisins	36
Fuglamerki hvað á að gera við þau?	40
Boð og bönn	42
Vængir veita upplýsingar	46
Veiðikortakerfið	48

Veiðistjóraembættið gefur þennan bækling út og er hann kostaður með auglýsingum.

Veiðistjóraembættið Hafnarstræti 97, 600 Akureyri, s. 462 2820.  
bréfsími 462 2325 NMT 854 2992.

Heimasíða: [www.nattfs.is/veidi](http://www.nattfs.is/veidi). Tölvupóstur: [veidist@nattfs.is](mailto:veidist@nattfs.is)  
Ljósmynd á forsiðu: Páll Hersteinsson.

Hönnun og myndvinnsla forsiðu: HRESS ehf s: 461 1840.

Umbrot, hönnun og myndvinnsla: HRESS ehf. Hvammshlíð 7,  
603 Akureyri.

Prentað í Ásprent/POB Akureyri s. 462 4966.

Ritstjóri: Áki Ármann Jónsson, verkefnisstjóri veiðikorta.

Abyrgðarmaður: Áki Ármann Jónsson verkefnisstjóri veiðikorta.

## MINNING



# ÁSBJÖRN DAGBJARTSSON

VEIÐISTJÓRI

15.05.1954-29.01.1998

*Í minningu vinar okkar, yfirmanns  
og samstarfsfélaga.*

*Starfsfólki veiðistjóraembættisins*

# REFIR OG MINKAR

## ÁKI ÁRMANN JÓNSSON VERKEFNISSTJÓRI VEIÐISTJÓRAEMBÆTTIÐ



Árið 1996 var tekin upp nákvæm skráning á fjölda vinnustunda sem varið var til veiðanna svo og eknun kílómetrum. Þetta var gert í þeim tilgangi að fá mælikvarða á sókn og þar með að geta metið veiði á sóknareiningu og borið saman milli svæða og jafnvel veiðimanna og hvort breytingar verða þar á.

Á seinasta ári var var reglum um endurgreiðslu fyrir refaveiðar breytt þannig að nú greiðir ríkið aðeins helming af verðlaunum. Jafnframt voru verðlaun fyrir löglega veiddan ref hækkuð í 7.000- kr. Þetta virðist

hafa skilað þeim árangri sem til var ætlast. Kostnaður pr. veiddan ref lækkaði umtalsvert eða úr 12.687-kr. niður í 9.595- kr. sem er um 25% lækkun. Heildarkostnaður við refaveiðar lækkaði um 15% milli ára úr 37 millj. niður í 31,6 millj. og fleiri dýr voru veidd. Að veiða fleiri dýr fyrir minni pening var markmiðið með þessari breytingu og það gekk eftir.

Tölurnar fyrir minkinn eru svipaðar milli ára enda var engin breyting gerð á skipulagi minkaveiða.

### Árið 1997 - tölur frá 1996 innan sviga:

	Refir	1996	Minkar	1996
Veidd dýr:	3.299	(2.924)	6.156	(5.753)
Vinnustundir	15.295	(36.860)	13.693	(13.426)
Eknir km.	46.801	(90.460)	67.985	(65.550)
Kostnaður, millj. króna.	31,6	(37,0)	23,2	(21,9)
Kostnaður pr. veitt dýr:	9.595	(12.687)	3.767	(3.822)
Vinnustundir pr. veitt dýr:	4,6	(12,6)	2,3	(2,3)
Eknir km. pr. veitt dýr:	14,2	(30,9)	11,1	(11,4)



## REFAVEIÐI 1957 - 1997



### REFAVEIÐIN 1997

Ríkisvaldið hóf að beita sér af auknum þunga fyrir refa- og minkaveiðum árið 1957 jafnframt því að taka á sig meiginhluta kostnaðar við þær. Frá sama tíma eru til nákvæmar veiðitölur sem veiðistjóraembættid hefur séð um að skrá.

Fyrstu tvo áratuginna dróst refaveiðin jafnt og þétt saman, en um miðjan áttunda áratuginn virtist stofninn hafa aðlagast þessu aukna veiðiálagi og veiðin tók að vaxa á ný allt til ársins 1994, en þá var hún orðin svipuð eða heldur meiri en hún var í upphafi. Síðustu tvö árin hefur


veiðin dregist saman á ný. Það verður fróðlegt að fylgjast með þróuninni næstu ár, hvort aftur er hafið samdráttartímabil eða hvort veiði í kring um 3.000 dýr á ári sé afrakstursgeta stofnsins og veiðin verði eitthvað í námunda við þá tölu framvegis.

### MINKAVEIÐIN 1997

Minkaveiðin er sveiflukenndari. Hún hefur náð hámarki á 5 - 7 ára fresti og hafa topparnir farið síhækkandi. Síðasta hámark var árið 1993, en lágmark á árinu 1995.

Þetta línurit bendir til að minkurinn sé ennþá í sókn, stofninn fari stækkandi og hann sé ennþá að

## MINKAVEIÐI 1957 - 1997



nema land. Þær opinberu aðgerðir sem beitt hefur verið til að halda stofninum í skefjum virðast ekki hafa náð að hefta útbreiðslu hans.

### Greiðslur 1998

Þegar þetta er skrifað er allt útlit fyrir óbreyttar greiðslur fyrir refa- og minkaveiði á árinu 1998. Að óbreyttu verða viðmiðunartölur fyrir endurgreiðslu ríkissjóðs þá eftirfarandi:

Fullorðnir refir.	Yrðlingar.
7.000-kr.	1.600-kr.

Ekki er endurgreitt fyrir aksturskostnað eða tímavinnu.

Minkar 1.200-kr.  
Tímakaup ráðinna minkabana 650-kr/klst

Fyrir akstur er greitt samkvæmt ákvörðun Ferðakostnaðarnefndar ríkisins.

Ýtarleg útlitun á fyrirkomulagi veiðanna í ár verður sent til sveitarstjóra á næstu mánuðum.

Enn betra bragð,  
enn meiri angan



Þá er veiðidagur góður,  
þá höflega er veitt, með  
talsverðri líkamlegri  
áreynslu, vakandi  
náttúruskyni og sært áyr  
liggur ekki eftir að kveldi.  
Þá er gott að þá sér holla  
af tilmandi og bragðsgóðu  
Nescafé.

Nescafé, þú  
gengur á fjöll  
þyrir bragðið

## ÁSTAND RJÚPNASTOFNSINS OG HORFUR

ÓLAFUR KARL NIELSEN  
NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS



Sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar hafa séð um að afla gagna um ástand rjúpnastofnsins og verið Umhverfisráðuneytinu til ráðgjafar varðandi nýttjar af rjúpu. Þessar rannsóknir voru kynntar í Veiðidagbók 1997 (bls. 6–8). Nokkrar ritgerðir hafa birst um niðurstöður vöktunarinnar og hægt að fá sérprent af þeim hjá höfundi þessa pistils. Tilgangurinn með vöktuninni er tvíþættur:

Fá gögn um almennan breytileika milli ára á ákveðnum stofnþáttum rjúpunnar.

Greina langtímabreytingar í tæka tíð þannig að hægt sé að gripa í taumana t.d. með friðunaraðgerðum ef æskilegt er talið.

Við vöktunina eru mældir árlega fjórir stofnþættir rjúpunnar. Þetta hefur verið gert með hléum allt frá 1963. Þessir stofnþættir eru:

*Fjöldi karra á afmörkuðum talningarsvæðum að vori*

*Aldurshlutföll í stofninum að vori.*  
*Aldurshlutföll í stofninum síðsumars.*  
*Aldurshlutföll á veiðitíma.*

Þessi gögn gera okkur kleift að fylgjast með stofnbreytingum og afföllum rjúpna.

Vöktunin hefur m.a. sýnt að skýr toppur var í fjölda rjúpna um miðjan 7. áratuginn (1. mynd). Á 8. áratugnum var stofninn lengstum í meðalþéttleika en stækkaði á 9. áratugnum og toppur var um 1986. Samræmi í stofnbreytingum milli svæða var ekki eins gott á 9. áratugnum og það var á þeim 7. Þannig voru stofnbreytingar á Kvískerjum í Óraefum um tveimur árum á undan Hrísey á Eyjafirði og Birningsstöðum í Laxárdal síðara tímabilið en þær höfðu verið fullkomlega í takt fyrra tímabilið. Eftir topp um 1986 fækkaði rjúpum í lágmark í byrjun 10. áratugarins og síðan stækkaði stofninn aftur og vorið

1997 var hann kominn í meðalþéttleika miðað við fyrri talningar. Munur á fjölda fugla í hámarks- og lágmarksárum var á bilinu 3–10 faldur.

Eitt sem virðist sérstakt fyrir íslensku rjúpunna er að annars staðar er hún heimskauta- eða háfjallafugl en hér eru bestu varplöndin á lágheildum og þéttleiki víða miklu hærri en almennt þekktist. Annað sem er sérstakt fyrir íslensku rjúpunna er mikil og jöfn ungaframleiðsla, þ.e. varpafkoman er yfirleitt góð og frjósemi mikil hvort heldur sem stofninn er í aukningu eða fækkun. Stofnbreytingar ráðast fyrst og fremst af vetrarafföllum fugla á fyrsta ári.

Á veiðitíma 1996 fengust 8802 vængir til aldursgreiningar. Hlutfall ungfugla í veiðinni var 81%. Reynslan hefur sýnt að svo hátt hlutfall ungfugla í hauststofni einkennir fjölgunarár og spáir fyrir um stærri varpstofn næsta vor. Þetta rættist og um 14% aukning samtals var á 6 talningasvæðum á Norðausturlandi 1997 samanborið við 1996, um 7% aukning var á Kvískerjum og um 41% aukning í Hrísey. Talningasvæði á Héraði gaf svipaða niðurstöðu (46% aukning), en á Suðvestur- og Vesturlandi var aukning

á einu svæði (13%), kyrrstaða á einu og fækkun á einu (28%). Aldurs- hlutföll í varpstofninum voru mæld á Norðausturlandi vorið 1997 og hlutfall ungfugla var 70% (n=206). Gott samband er á milli aldurs- samsetningar í varpstofni og stofnbreytinga og svo hátt hlutfall ungfugla eins og mældist sl. vor hefur aðeins fundist í fjölgunarárum.

Karratalningar sýna að stofnstærðin er nú í meðallagi miðað við fyrri ár. Miðað við stærð rjúpnastofnsins vorið 1997 þarf hann að vaxa um 70% til að ná því sem var í síðasta hámarki 1986, en hér er miðað við talningar í Hrísey og á Kvískerjum og Norðausturlandi. Vortalningar og aldurs- samsetning stofnsins 1996 og 1997 sýna greinilega að uppsveifla er hafin frá lágmarki sem var á árunum 1991 til 1994 en stofnbreytingar eru hægar. Tölur yfir veiði sýna að hún hefur aukist með stærri rjúpnastofni eða úr um 123.000 rjúpum 1996 í 156.000 rjúpur 1997. Þetta gerir um 27% aukning í veiði.


Ungatalningar voru gerðar á Norðausturlandi og Suðvesturlandi. Á Norðausturlandi var meðalstærð unghópa 8,6 ungar og 7,5 ungar á Suðvesturlandi.

Þgar þessar línur er skrifaðar í desember 1997 eru komnir inn 1217

rjúpnavængir til aldursgreiningar og hlutur ungfugla í því sýni er 73%. Það má gera ráð fyrir að þessar niðurstöður eigi eftir að breytast eitthvað þar sem mikið af sýnum á eftir að koma inn til skoðunar. Þetta hlutfall, 73%, er marktækt lægra hlutfall ungfugla en fengist hefur á síðustu árum. Reynslan hefur sýnt að þegar hlutfall ungfugla að hausti

er jafnlágt og nú virðist vera raunin geta stofnbreytingar verið á hvorn veginn sem er, þ.e. aukning eða fækkun. Það verður fróðlegt að sjá hverjar endanlegar tölur um hlutfall unga á veiðitíma í haust verða og ekki síður spennandi niðurstöður karratalninga næsta vor.

Ólafur K. Nielsen  
Náttúrufræðistofnun Íslands



1. mynd. Staðlaðar karratölur sem sýna stofnbreytingar rjúpu á þremur talningasvæðum, Kvískerjum í Óræfum, Hrísey á Eyjafirði og Birningsstöðum í Laxárdal. Ráðinnar eru staðlaðar með því að reikna frávik hverrar talningar frá meðaltali raðarinnar og deila í frávikidd með staðalfrávik raðarinnar. Þær upplýsingar sem talningarnar hafa að geyma þjagast ekki við stöðlunina, en hún eyðir svæðisbundnum mun á varpþéttleika rjúpunna. Stöðlunin auðveldar allan samanburð á svæðunum.



# RANNSÓKN Á FARI UNGRA REFA

**Dr. PÁLL HERSTEINSSON**  
**PRÓFESSOR**

Refir voru friðaðir í Hornstranda-friðlandi í fyrsta skipti í Íslandssög-  
unni frá og með 1. júlí 1994. Því  
miður var það gert án undangeng-  
inna rannsókna á ástandi fuglastofna  
á svæðinu svo að engar tölulegar  
upplýsingar er að hafa um áhrif  
friðunarinnar á lífríkið. Þá hefði einn-  
ig þurft að gera átak í merkingum á  
yrðlingum innan friðlandsins fyrir og  
eftir friðun refa þar til þess að afla  
upplýsinga um breytingar á flæði  
refa út af friðlandinu við þessa miklu  
breytingu. Til hvorugs þessara verk-  
efna fengust fjármunir á sínum tíma.  
Þá hefði þurft að fylgjast vel með  
þeim breytingum sem kynnu að  
verða á lambavanhöldum á nærliggj-  
andi sauðfjárræktarsvæðum við  
friðun refa á Hornströndum. Margir  
bændi á þessum slóðum eru reyndar  
í fjárræktarfélagum svo að ef til vill  
má athuga þau gögn sem þannig er  
safnað með hlöðsón af þessari breyt-  
ingu.

**LÍFRÆÐISTOFNUN HÍ**

Á árunum 1980-82 stóð sá, sem  
þetta ritar, fyrir merkingum á yrð-  
lingum á nokkrum grenjum, aðall-  
ega á Vestfjarðakjálka. Við það naut  
hann aðstoðar nokkurra áhuga-  
samra grenjaskyttna. Alls voru 39  
yrðlingar merktir á grenjum á þess-  
um árum, þar af 33 á Vestfjarða-  
kjálka. Af þeim endurheimtust síðar  
26 dýr, þar af 24 sem voru 10  
mánaða eða eldri. Tuttugu þessara  
dýra voru merkt á Vestfjarðakjálka,  
11 læður og 9 steggir.

Meðalvegalengdin sem steggir á  
Vestfjarðakjálka fóru frá merkingar-  
stað (fæðingarstað) áður en þeir  
veiddust voru 24 km (15 km staðal-  
frávik; styst 7 km, lengst 59 km).  
Læðurnar höfðu farið að meðaltali 20  
km (14 km staðalfrávik; styst 0 km,  
lengst 39 km). Tvær læðunna veidd-  
ust þar sem þær voru merktar, önnur  
sem ársögmul geldlæða en hún var  
þriggja vetra er hún veiddist og var  
þá sjálf með yrðlinga á grenninu.

Fjarlægðin sem miðað er við í  
hvert sinn er stysta hugsanlega  
vegalengd frá merkingarstað að  
endurheimtustað. Raunveruleg vega-  
lengd sem dýrin hafa skokkað  
hlýtur í flestum tilvikum að hafa  
verið allnokkru meiri.

Af 33 yrðlingum, sem merktir  
voru á Vestfjarðakjálka, voru 10  
merktir í friðlandinu á Horn-  
ströndum. Af þeim endurheimt-  
ust 5 dýr síðar, öll ársögmul eða  
eldri og öll innan friðlandsins.  
Meðalvegalengdin sem þau höfðu  
farið var 9 km (styst 0 km, lengst  
25 km).

Sex yrðlingar voru merktir utan  
Vestfjarðakjálka, þar af tveir í upp-  
sveitum Borgarfjarðar og fjórir í  
Sauðafelli, norðan Vatnajökuls. Þau  
endurheimtust öll. Þeir tveir, sem  
merktir voru í Borgarfirði, veiddust  
9 mánaða gamlir við skothús og  
voru þá enn innan heimasvæðis  
foreldranna. Austfirsku dýrin  
veiddust á bilinu 17-63 km frá merk-  
ingarstað. Að meðaltali höfðu þau  
farið 47 km.

*Myndin er af yrðlingnum Jensínu, sögu-  
hetju í bókinni Agga-gagg  
eftir Pál Hersteinsson.*



Þótt niðurstöður þessara merk-  
inga séu að mörgu leyti gagnlegar,  
er varasamt að draga of víðtækar  
ályktanir af þeim. Merktu dýrin  
voru of fá til þess. Auk þess hefur  
refum fjölgað í landinu síðan þetta  
var, sennilega mest í friðlandinu á  
Hornströndum. Áhrif fjölgunar á  
þær vegalengdir, sem ungir refir  
leggja að baki áður en þeir setjast  
um kyrrt, eru óþekkt.

Haustið 1998 verður gerð  
tilraun til þess að setja gervihnatta-  
sænda á unga refi í Hornstranda-

fríðlandi. Miðað er við 5-10 dýr í  
fyrstu. Merkin, sem sendarnir gefa  
frá sér, eru numin af gervihnöttum  
á brautu um jörðu og send áfram  
til jarðar þar sem unnið er úr þeim  
jafnóðum og staðsetningar dýr-  
anna ákvarðaðar. Með þessu móti  
fást ekki aðeins upplýsingar um  
vegalengdirnar sem dýrin fara,  
heldur einnig hvenær þau fara að  
heiman og hvernig ferðum þeirra  
er háttáð frá því að þau yfirgefa  
fæðingarstað sinn og þar til þau  
setjast um kyrrt.




## Ofurtæki í veiðina

- 12 rása móttakari
- 500 vegpunkta minni
- 16 gerðir af merkjum
- 1024 ferilpunktar í plotter
- Tracback breytir ferli í leið
- Vatnshelt að 1 metra dýpi



**R. SIGMUNDSSON**  
Tryggvagötu 16 101 Reykjavík Sími: 562 2866



*Fyrir*



*veiðimanninn*

VESTURRÖST LAUGAVEGI 178 • 105 REYKJAVÍK  
SÍMI 551 6770 - 581 4455 - 553 3380



# GÆSA OG ANDAMERKINGAR

## ARNÓR ÞÓRIR SIGFÚSSON NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS



Rannsóknir á öndum og gæsnum hófust á Náttúrufræðistofnun Íslands árið 1995. Verkefni þetta beinist að þeim tegundum anda og gæsa sem eru veiddar og meginmarkmiðið er að gera sér grein fyrir ástandi stofnanna, stofnvistfræði, veiðipunga og veiðipóli. Rannsóknarverkefnið er styrkt af veiðikortasjóði sem stendur að mestu straum af kostnaði, öðrum en föstum launum.

Einn af mikilvægustu þáttum þessara rannsókna eru merkingar. Meginmarkmið merkinganna er að afla upplýsinga um dánartíðni og dánarorsakir fuglanna og einnig um ferðir þeirra og vetrarstöðvar.

Umfangsmiklar gæsamerkingar voru hér á landi 1951(53, þegar leiðangrar breskra og íslenskra vísindamanna merktu um 10.000 heiðagæsir í þjorsárverum. Á þessum tíma voru einnig um 13.500 heiðagæsir úr þessum sama stofni

merktar á Bretlandseyjum. Ekki hefur verið um aðrar stórfelldar gæsamerkingar að ræða hér á landi ef undan eru skildar merkingar Ólafs K. Nielsen á grágæsnum á Reykjavíkurtjörn á árunum 1988 (95, en þá voru um 550 gæsir merktar. Þá má nefna að grágæsir og heiðagæsir hafa verið merktar á Bretlandseyjum síðustu ár, á annað þúsund af hvorri tegund. Einnig hafa áhugamenn um merkingar hér á landi merkt gæsir í einhverju mæli.

Merkingar á öndum, öðrum en æðarfuglum, hafa fyrst og fremst verið stundaðar við Mývatn. Uppúr 1925 hófu bræðurnir Jóhannes og Ragnar Sigfinnssynir frá í Mývatnssveit að merkja endur. Jóhannes lést árið 1980 en Ragnar var að til 1983. Talsverðar merkingar voru einnig stundaðar af Arnþóri Gardarssyni í Mývatnssveit 1978(83. Þá hefur nokkuð verið merkt af öndum af áhugamönnum.

Um miðjan júlí 1996 og 1997 voru gerðir út leiðangrar til gæsamerkinga. Að leiðöngrunum stóðu Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) og Wildfowl & Wetlands Trust (WWT), sem eru samstarfsaðilar okkar við þessar merkingar. Gæsamerkingar eru mannfrek aðgerð svo í bæði skiptin héldu 9 manns af stað auk þess sem fjöldi manna bættist við og aðstoðaði við merkingarnar, bæði fuglaáhugamenn, skotveiðimenn og bændur. Of langt væri að telja alla upp hér sem aðstoðað hafa en þeir eiga þakkir skilið

Árið 1996 var haldið norður um land en 1997 var byrjað á Austur-

landi og síðan haldið vestur um Norðurland. Merkingin er tímasett þannig að nær allar gæsafjölskyldur eru ófleygar en ungarnir samt það vel þroskaðir að þeir beri merki. Gæsirnar voru merktar með hefðbundnum fótmerkjum úr stáli og plastringjum sem í eru grafnir bókstafir. Á fullorðna fugla voru settir gráir hálshringir en fóthringur á ungana því þeir eru almennt ekki nógu stórir til að hálshringurinn tolli. Þessa hringi má síðan lesa með sjónauka og fá þannig upplýsingar um ferðir fuglanna án þess að það þurfi að handsama þá.

*Merktar gæsir í gæsarett.*



Mismunandi aðferðum var beitt við að fanga gæsategundirnar því að viðbrögð þeirra við truflun er mismunandi. Heiðagæsin heldur sig fram til heiða og er á beit í mýrum og móum og ekki alltaf nærri stórum vötnum. Reynt var að umkringja þær og við styggð þá hnöppuðust þær saman og hlupu oft upp á hæðir. Tækist að umkringja þær var eftirleikurinn auðveldur. Reist rétt úr netum og gæsirnar reknar inn í réttina. Síðan voru þær merktar og í lokin sleppt

saman til að fjölskyldur sundruðust ekki. Grágæsin er öllu erfiðari viðfangs. Hún heldur sig gjarnan nærri vötnum eða ám, mjög vör um sig og komist styggð að hópnum leitar hann á vatnið. Tvær aðferðir voru notaðar til að ná þeim. Þegar um smærri hópa var að ræða var reynt að hlaupa umhverfis þær og loka leiðinni að vatninu og reyndi síðan hver og einn að gripa gæsina meðan hún gafst og þeim troðið í strigapoka. Þetta gekk stundum vel en oft ekki. Til að ná stærri hópum, sem

voru á vatni, var fyrst reist rétt úr netum á vatnsbakkanum og langir leiðarar lágu frá munna réttarinnar, stundum út í vatnið. Síðan var reynt að reka gæsirnar inn með því að umkringja þær og fara á bátum út á vatnið. Grágæsin er miklu bág-rækari en heiðagæsin og gerir allt til að sleppa, hóparnir tvístrast og fuglarnir hverfa á braut eða fela sig hvar sem þeir geta. Þó svo að oft hafi hundruðir gæsa verið umkringdar þá enduðu ekki nema einhverjir tugir í netunum. Grágæsirnar voru síðan merktar á sama hátt og heiðagæsirnar.

Árið 1996 náðust um 440 heiðagæsir og 105 grágæsir en 97 gekk betur en þá náðust 366 heiðagæsir og 370 grágæsir, þá vorum við reynslunni ríkari. Til stendur að halda þessum merkingum áfram a.m.k. tvö ár.

Mikið af merktu gæsunum hafa sést aftur eða verið skotnar. Af þeim sem voru merktar 1996 höfðu 10 grágæsir verið endurheimtar síðasta vor (9,5%) og 18 sést aftur (17%). Á sama tíma höfðu 23 heiðagæsir verið endurheimtar (5%) og 129 sést aftur (29%). Ekki liggja enn fyrir niðurstöður frá þeim gæsnum sem merktar voru 1997. Á sumar gæsir var lesið oftast en einu sinni.

Við andamerkingar var allt öðrum aðferðum beitt. Mest var merkt af stökkönd en einnig aðrar tegundir eins og raudhöfðar, urtendur og grafendur. Algengast var að stálpaðir ungar væru háfaðir í skurðum og lækjum. Einnig voru kollur teknar á hreiðrum og fáeinir fullorðnir fuglar í gildrum. Á endurnar voru eingöngu settir stálhringir svo upplýsingar um þær fást bara ef þær veiðast eða finnast dauðar.


Til þess að merkingar þessar skili tilætluðum árangri er mjög mikilvægt að þeir sem veiða merka fugla eða finna þá dauða skili merkjum bæði fljótt og vel. Þeir sem það gera fá til baka frá NÍ upplýsingar um hvar og hvenær fuglinn var merktur. Merki af fuglum sem merktir eru erlendis á einnig að senda til NÍ. Því miður eru alltaf einhverjir sem ekki skila merkjum en erfitt er að áætla hve mikið er um slíkt. Ég vil hvetja alla til að skila merkjum og ef menn vita af einhverjum sem liggur með merki að hvetja viðkomandi til að skila eða segja okkur af því svo við getum haft samband. Það er aldrei of seint að skila. Einnig viljum við auðvitað fá upplýsingar frá þeim sem lesa á háls- eða fótmerktar gæsir.



AUGLÝSINGASTOFA - GRAFISK HÖNNUN  
HVAMMSHLÍÐ 7  
603 AKUREYRI  
SÍMI 461 1840

Svona lítur veiðiskýrslan út fyrir árið 1998

	VE	VF	NV	NE	AU	SU	SAMT:
Svartbakur							
Sílamáfur							
Silfurmáfur							
Hrafn							
Grágæs							
Heiðagæs							
Fýll							
Dílaskarfur							
Toppskarfur							
Blesgæs							
Helsingi							
Stökkönd							
Urtönd							
Rauðhöfðaönd							
Duggönd							
Skúfönd							
Hávella							
Toppönd							
Hvítmáfur							
Hettumáfur							
Rita							
Álka							
Langvía							
Stuttnefja							
Teista							
Lundi							
Rjúpa							
Kjói							
Refur							
Minkur							
Hreindýr							



Veðisvæði: VE  VF  NV  NE  AU  SU   
 Veðistaður: \_\_\_\_\_ dags: \_\_\_\_\_  
 Landeigandi: \_\_\_\_\_ sími: \_\_\_\_\_  
 Vindátt: \_\_\_\_\_ Úrkoma: \_\_\_\_\_  
 Annað: \_\_\_\_\_

Tegund	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtal

Veðisvæði: VE  VF  NV  NE  AU  SU   
 Veðistaður: \_\_\_\_\_ dags: \_\_\_\_\_  
 Landeigandi: \_\_\_\_\_ sími: \_\_\_\_\_  
 Vindátt: \_\_\_\_\_ Úrkoma: \_\_\_\_\_  
 Annað: \_\_\_\_\_

Tegund	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtal

Veðisvæði: VE  VF  NV  NE  AU  SU   
 Veðistaður: \_\_\_\_\_ dags: \_\_\_\_\_  
 Landeigandi: \_\_\_\_\_ sími: \_\_\_\_\_  
 Vindátt: \_\_\_\_\_ Úrkoma: \_\_\_\_\_  
 Annað: \_\_\_\_\_

Tegund	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtal

Veðisvæði: VE  VF  NV  NE  AU  SU   
 Veðistaður: \_\_\_\_\_ dags: \_\_\_\_\_  
 Landeigandi: \_\_\_\_\_ sími: \_\_\_\_\_  
 Vindátt: \_\_\_\_\_ Úrkoma: \_\_\_\_\_  
 Annað: \_\_\_\_\_

Tegund	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtal

Veðisvæði: VE  VF  NV  NE  AU  SU   
 Veðistaður: \_\_\_\_\_ dags: \_\_\_\_\_  
 Landeigandi: \_\_\_\_\_ sími: \_\_\_\_\_  
 Vindátt: \_\_\_\_\_ Úrkoma: \_\_\_\_\_  
 Annað: \_\_\_\_\_

Tegund	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtal

Veðisvæði: VE  VF  NV  NE  AU  SU   
 Veðistaður: \_\_\_\_\_ dags: \_\_\_\_\_  
 Landeigandi: \_\_\_\_\_ sími: \_\_\_\_\_  
 Vindátt: \_\_\_\_\_ Úrkoma: \_\_\_\_\_  
 Annað: \_\_\_\_\_

Tegund	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtal



Veðisvæði: VE  VF  NV  NE  AU  SU   
 Veðistaður: \_\_\_\_\_ dags: \_\_\_\_\_  
 Landeigandi: \_\_\_\_\_ sími: \_\_\_\_\_  
 Vindátt: \_\_\_\_\_ Úrkoma: \_\_\_\_\_  
 Annað: \_\_\_\_\_

Tegund	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtal

Veðisvæði: VE  VF  NV  NE  AU  SU   
 Veðistaður: \_\_\_\_\_ dags: \_\_\_\_\_  
 Landeigandi: \_\_\_\_\_ sími: \_\_\_\_\_  
 Vindátt: \_\_\_\_\_ Úrkoma: \_\_\_\_\_  
 Annað: \_\_\_\_\_

Tegund	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtal

Veðisvæði: VE  VF  NV  NE  AU  SU   
 Veðistaður: \_\_\_\_\_ dags: \_\_\_\_\_  
 Landeigandi: \_\_\_\_\_ sími: \_\_\_\_\_  
 Vindátt: \_\_\_\_\_ Úrkoma: \_\_\_\_\_  
 Annað: \_\_\_\_\_

Tegund	kk ung.	kk fullu.	kvk ung.	kvk fullu.	samtal

## Áskorun til skotveiðimanna

Í upphafi rjúpnaveiðitímans er það orðinn árviss viðburður að björgunarsveitir séu kallaðar út til að leita að týndum rjúpnaskyttum. Oftar en ekki kemur í ljós að þessar skyttur, sem villast á veiðum, hafa ekki haft með sér áttavita. Það er vítavert kæruleysi. Nú á tímum GPS tækja, úrvals áttavita og góðra korta ætti engin skytta að villast á veiðum. Skotveiðifélag Íslands, SKOTVÍS, skorar því á íslenska skotveiðimenn að hafa ávallt með sér áttavita og læra vel á hann. Tryggast er að geyma áttavitann á öruggum stað, t.d. í veiðivesti.

Þá vill SKOTVÍS skora á alla skotveiðimenn að taka með sér til byggða notuð skothylki - sín og annara. Notað skothylki úti í náttúrunni er sönnun þess að þar hafi skotveiðimaður verið á ferð og kemur því óorði á alla íslenska skotveiðimenn.

Þá vill SKOTVÍS mælast til þess að skotveiðimenn taki tillit til annara. Munið að mörgum stafar óhugur af skotvopnum og ýmsir eru andsnúnir skotveiðum. Takið tillit til annars útivistarfólks - stundið ekki skotveiðar þar sem er mikil umferð t.d. hesta og skíðafólks. Ísland er dreifbýlasta land Evrópu - þar er nægjanlegt olnbogaráymi fyrir okkur öll.

Að lokum minnum við á að Skotveiðifélag Íslands hefur opna skrifstofu að Laugavegi 103 í Reykjavík. Skrifstofan er opin á þriðjudögum og fimmtudögum klukkan 13-17. Þar er hægt að skrá sig og fá allar nánari upplýsingar og aðstoð ef óskað er.

*Sigmar B. Haukssoon  
formaður Skotveiðifélags Íslands*



# HVER GÆTIR HAGSMUNA ÞINNA?



## SKOTVEIÐIFÉLAG ÍSLANDS

Laugavegi 103, 4. hæð, 105 Reykjavík. sími. 551 4574 bréfsími. 551 4584  
Skrifstofan er opin þriðjudaga og fimmtudaga frá 13-17

Stjórnumerktaar tölur eiga við heildarfjölda tegundar.

Veititölur	1995	1996	Áætluð stærð stofns
Svarbakur	35.745	32.634	50.000 varppör
Sílamáfur	22.340	22.177	25.000 varppör
Silfuramáfur	5.998	4.718	4.000 varppör
Hrafn	7.114	6.573	2.500 varppör
Grágæs	35.281	37.261	83.000 snemma veturs *
Heiðagæs	10.658	12.106	200.000 snemma veturs *
Fýll	8.059	8.720	1-2 millj. varppör
Dílaskarfur	2.550	2.963	2-3.000 varppör
Toppskarfur	5.128	6.481	8-9.000 varppör
Blesgæs	3.237	2.926	32.000 snemma veturs *
Helsingi	1.876	1.614	32.000 snemma veturs *
Stökkönd	9.834	11.364	10-15.000 varppör
Urtönd	1.033	1.377	3-5.000 varppör
Rauðhöfðaönd	684	702	4-6.000 varppör
Duggönd	101	173	4-6.000 varppör
Skúfönd	126	70	6-8.000 varppör
Hávella	2.022	1.860	1-3.000 varppör
Toppönd	488	753	2-4.000 varppör
Hvítumáfur	3.942	4.471	8.000 varppör
Hettumáfur	2.958	2.616	25-30.000 varppör
Rita	1.371	1.461	900.000 varppör
Álka	18.211	27.479	380.000 varppör
Langvía	52.462	64.852	990.000 varppara
Stuttnefja	15.114	20.422	580.000 varppara
Teista	3.424	4.030	20-30.000 varppara
Lundi	215.517	228.270	2-3 millj. varppara
Rjúpa	122.811	157.124	50-100 þús. varppara
Kjói	2.617	2.277	5-10.000 varppara
Refur	3.676	3.499	3.900 að vori *
Minkur	6.330	6.611	>3.500 að vori *
Hreindýr	329	358	2.500 að vori *

## Friðuð svæði þar sem veiðar eru bannaðar eða takmarkaðar

Á eftirtöldum svæðum sem eru friðuð skv. lögum nr. 47/1971 um náttúruvernd eru allar veiðar bannaðar, nema annars sé getið. Allar nánari upplýsingar um svæðin er að finna í viðeigandi auglýsingum í B-deild Stjórnartíðinda.

Sérstök athygli veðimanna er vakin á því að þó að veiðar séu heimilari á friðuðum svæðum ber að afla leyfis landeigenda.

Veiðimenn eru minntir á reglur um akstur utan vega, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 433/1993.

Svæði	augl. nr.	athugasemdir
Ástjörn	189/1978	
Borgir	269/1981	
Búðahraun	357/1979	
Böggvissstaðafjall	432/1994	rjúpnaveiðar eru heimilar.
Díma í Lóni	523/1975	
Dverghamrar	446/1987	
Dyrhólaey	101/1978	hlunnindanýting bænda er heimil.
Eldey	119/1974	
Esjufjöll	188/1978	
Flatey	395/1975	bændum er heimilt að bægja frá vargi.
Geitland	283/1988	
Grötta	13/1984	
Gullfoss	141/1979	
Hamarinn	188/1984	
Herdísarvík	121/1988	
Herðubreiðarfriðland	272/1974	meindýraveiðar bænda eru heimilar.
Hornstrandir	332/1985	
Höfmanes	393/1973	meindýraveiðar til varnar aðvarpi eru heimilar.
Hraunfossar og Barnafoss	410/1987	
Hrisey	425/1977	meindýraveiðar til varnar aðvarpi eru heimilar.
Hrútey í Blöndu	521/1975	meindýraveiðar eru heimilar með leyfi bæjarstjórnar Blönduósbæjar.
Húsafellsskógur	217/1974	
Hvannalindir í Krepput.	32/1973	
Ingólfshöfði	388/1978	
Jökulsárgljúfur	359/1993	
Kringilsárrani	524/1975	
Lónsöræfi	31/1977	réttur landeigenda er óskertur til veiða.
Melrakkaey	118/1974	
Miklavatn	29/1977	eyðing meindýra er heimil.

Fólkv. Neskaupsstaðar	333/1972	eyðing meindýra er heimil með leyfi Náttúruverndarnefndar Neskaupsstaðar.
Oddaflóð	634/1994	fuglaveiðar eru óheimilar.
Ósland	427/1982	eyðing meindýra er heimil samkvæmt akvörðum stjórnar fólkvangsins.
Pollengi og Tunguey	457/1994	fuglaveiðar eru óheimilar.
Salthöfði og Salthöfðamýrar	249/1977	eyðing meindýra er heimil.
Skaftafell	319/1984	
Skógafoss	477/1987	
Skrúður	513/1995	ábúenda er heimil hlunnindanýting.
Spákonufellshöfði	444/1980	
Ströndin við Stapa og Helna	284/1988	fuglaveiðar eru óheimilar.
Surtsey	122/1974	
Friðland í Svarfaðardal	443/1980	fuglaveiðar eru óheimilar.
Tröllabörn í Lækjarbotnum	294/1983	fuglaveiðar eru óheimilar.
Varmárósar	506/1987	
Vatnsfjörður	96/1975	fuglaveiðar eru óheimilar nema með sérstöku leyfi.
Vestmannsvatn	30/1977	eyðing meindýra er heimil.
Víghólar	778/1981	
Þingvellir	lög nr. 59/1928	meindýraveiðar eru heimilar.
Þjorsárver	507/1987	



# Beretta

dal 1526





BRNO ARMS



HOPPE'S





**ÍSNES HF.**

Höfðabakka 9c


112 Reykjavík

Sími: 587-9090

Fax: 587-9590

# FRÍÐLÝST SVÆÐI

1. desember 1995



NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ

0 50 km

Kostir eht.



## Happdrætti veiðikortakerfisins 1997.

Þann 6. febrúar 1997 var dregið um verðlaun úr þeim 8.340 veiðiskýrslum sem veiðistjóraembættinu höfðu borist fyrir 1. febrúar 1997.

Eftirfarandi nöfn voru dregin út:

### 1-2. vinningur

„Skotveiðar í íslenskri náttúru“,

lúðinn gefur út.

Árni Sveinbjörnsson,  
Ægisgötu 32, Ólafsfirði  
Helgi V. Björnsson,  
Akurgerði 5, Kópasker

### 2-4. vinningur

Garmin-38 GPS-staðsetningar-tæki frá Haftækni.

Haraldur Guðmundsson,  
Grundargötu 1, Dalvík  
Björn Sigurðsson,  
Höfðabraut 1, Hvammstanga

## Skoðanakönnun.

Á umsókninni um nýtt veiðikort var skoðanakönnun og eru eftirfarandi niðurstöður úr henni.

### 1. Í hvaða stærð viltu hafa veiðikortið ?

Kreditkortastærð	Ökuskrteinisstærð	Svöruðu ekki
412i	3114	768
51.49%	38.91%	9.60%

Fleiri veiðimenn vilja veiðikortið í kreditkortastærð en það er mjótt á munum.

### 5-14. vinningur

Áttaviti frá Skátabúðinni.

Játvarður V. Vilhjálmsson,  
Hjallabraut 13, Hafnarfirði  
Kristján Birgisson,  
Hrauntungu 4L, Kópavogi  
Valdimar J. Björnsson,  
Eyrarflöt 12, Siglufirði  
Pétur V. Jónsson,  
Teigi, Vopnafirði  
Alfred Gestur Símonarson,  
Barði, Siglufirði  
Eiríkur Snæbjörnsson,  
Stað I, Króksfjarðarnesi  
Friðþór Harðarson,  
Kirkjubraut 53, Höfn  
Hafsteinn Þorsteinsson,  
Hraunbæ 156, Reykjavík  
Þórarinn H. Bergsson,  
Aðalstræti 74, 450 Patreksfirði  
Jónas Björnsson,  
Seljabraut 38, Reykjavík

### 2. Viltu hafa mynd af þér í veiðikortinu þó það kosti 50-100 kr. aukalega ?

Nei	Já	Svöruðu ekki
4046	2432	1525
50.56%	30.39%	19.06%

Þó nokkur fjöldi vill hafa mynd af sér í veiðikortinu og var veiðikorthöfum gefinn kostur á því að senda inn mynd af sér með umsókninni. Kostnaður sem leggst aukalega ofan á veiðikortagjaldið er 150-kr.

### 3. Hvernig finnst þér þjónusta embættisins ?

Mjög góð	Góð	Hlutlaus	Léleg	Mjög léleg	Svöruðu ekki
1055	3316	3175	177	90	190
13.18%	41.43%	39.67%	2.21%	1.12%	2.37%

Mjög ánægjulegar niðurstöður fyrir okkur. Við höfum lagt áherslu á lipra afgreiðslu veiðikorta og virðumst uppskera eftir því.

### 4. Hvað mætti helst bæta í veiðikortakerfinu ?

1. Lengri gildistíma	228	2.85%
2. Bæta eftirlit með veiðimönnum	189	2.36%
3. Leggja kortin niður	187	2.34%
4. Lægra kortagjald	106	1.32%
5. Dreifa tölum um veiði til veiðimanna	89	1.11%
6. Fá veiðitölur eftir landssvæðum	78	0.97%
7. Sameina veiðikort og byssuleyfi eitt kort með mynd	76	0.95%
8. Uppl. um aldursgreiningu fugla	41	0.51%
9. Gefa út fréttabréf til veiðimanna	39	0.49%
10. Fá sent fjármálafirlit veiðikortakerfisins	27	0.34%
11. Fleiri veiðisíður í veiðidagbók	18	0.22%
Svöruðu ekki	6,925	86.53%

Niðurstöður úr þessum hluta eru varla marktækar vegna lítillar svarprósentu. Meginniðurstaðan er kannski sú að menn skrifuðu ekkert í þennan reit!

Við tókum tillit til óska veiðimanna og settum í veiðidagbókina 1996: veiðitölur (5), uppl. um aldursgreiningu fugla (8), fjármálayfirlit veiðikortakerfisins (10), fleiri veiðisíður í veiðidagbók (11). Veiðidagbókin er að sjálf-sögðu fréttabréf veiðistjóraembættisins (9).

1, 2, 3, 4 og 7 er í höndum Alþingis og lítið sem við getum gert nema koma þessum óskum á framfæri hér með.

### 5. Hvað finnst þér best í veiðikortakerfinu?

1. Veiðitölurnar	368	4.60%
2. Almenn ánægja með kerfið eins og það er	327	4.09%
3. Veiðidagbókin	165	2.06%
4. Endurnotkun á umslagi	15	1.90%
5. Góð þjónusta og viðmót starfsfólks	11	1.40%
Svöruðu ekki	7,117	88.93%

Það er líkt með sp. 5 eins og sp. 4 að helsta niðurstaðan er sú að menn settu ekkert í þennan reit og niðurstöður þ.a.l. lítt marktækar.

Þó er athyglisvert að það eru mun fleiri sem hrósa kerfinu en vilja leggja það niður (327:187).

Veiðidagbókin hefur slegið í gegn og mun verða árviss viðburður. Ný veiðibók mun fylgja með veiðikortunum á hverju ári svo lengi sem auglýsendur hafa áhuga á að setja auglýsingar sínar í hana.

### Happdrætti veiðikortakerfisins 1998.

Þann 6. febrúar 1998 var dregið um verðlaun úr þeim 7.260 veiðiskýrslum sem veiðistjóraembættinu höfðu borist fyrir 1. febrúar 1998.

Eftirfarandi nöfn voru dregin út:

#### 1-4. vinningur

Bókin „Skotveiðar í íslenskrí nátt-  
úru“, Íðunn gefur út.

*Pálmar Einarsson*  
Sæbóli 30, 350 Grundarfjörður  
*Rögnvaldur Ingvarson*  
Reynihólum 12, 620 Dalvík  
*Óðinn Viðar Grímsson*  
Löngumýri 26, 210 Garðabær  
*Ásgeir Sólbergsson*  
Disarlandi 2, 415 Bolungarvík

#### 5-9. vinningur

Bókin „Agga-gagg“,  
Ritverk gefur út.

*Magnús Axelsson*  
Jörvaþyggð 16, 600 Akureyri  
*Björn Árni Ágústsson*  
Brekkuþæ 29, 110 Reykjavík  
*Friðfinnur Kristjánsson*  
Hegranesi 5, 710 Garðabær  
*Skúli Rúnar Skúlason*  
Frostafold 14, 112 Reykjavík  
*Þorvaldur Gunnlaugsson*  
Hófgerði 13, 200 Kópavogur

#### 10-20. vinningur

Áttavíti frá Skátubúðinni.

*Bernhard Jóhannesson*  
*Kleppjárns Sólbyrgi*, 320 Reykholt  
*Ottó Þorgilsson*  
Sólvallagötu 2, 630 Hrísey  
*Einar Eyjólfsson*  
Steinholtssvegi 13, 735 Eskifjörður  
*Jakob Þór Guðmundsson*  
Hlíðarbraut 12, 540 Bönduós  
*Ólafur Þröstur Stefánsson*  
Skeiðarvogi 17, 104 Reykjavík  
*Kjartan Sveinsson*  
Þverbrekku 6, 200 Kópavogur  
*Jóhann Óli Einarsson*  
Álfatröð 8a, 700 Egilsstaðir  
*Þórarinn Jóhannsson*  
Túngötu 54, 820 Eyraþakki  
*Vilhjálmur Steinar Einarsson*  
Garðbraut 66, 250 Garður  
*Guðjón Pétur Arnarson*  
Heiðarbrún 5, 810 Hveragerði  
*Kristinn Guðmundsson*  
Suðurlúsum 3, 112 Reykjavík

# FUGLAMERKI HVAD Á AÐ GERA VIÐ ÞAU?

Fuglar eru merktir með númeruðum málmhringjum/lithringjum/vængnælum til þess að afla upplýsinga um lifnaðarhætti þeirra, ferðir, lífs- lengd og dánarorsök. Á fuglamerkjum er pósthfang merkingastöðvar og rað- tala, sem er tilvísun í upplýsingar um hvar og hvenær fuglinn var merktur.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur umsjón með fuglamerkingum á Ís- landi og varðveislu gagna um endurheimtur. Þau 70 ár sem merkingar hafa verið stundaðar hér á landi hafa yfir 400.000 fuglar verið merktir. Aðeins örlítill hluti merkjanna kemur aftur í manna hendur og ræðst árangur fuglamerkinga af góðri samvinnu við finnendur. Upplýsingar sem ekki rata til réttara aðila koma engum að gagni. Þær eru jafn mikilvægar þótt margir merktir fuglar hafi náðst áður á sömu slóðum. Ef þú finnur eða veidir merkt- an fugl, þá sendu upplýsingar um fuglinn til:

**Náttúrufræðistofnun Íslands**  
**Fuglamerkingar**  
**Pósthólf 5320**  
**IS - 125 Reykjavík**

Lifandi fuglum við góða heilsu skal sleppt aftur með merkinu á. Á það skal bent að það er enginn glæpur að veiða merktan fugl, það er gert ráð fyrir því að þeir veiðist líkt og aðrir fuglar. En það er mjög mikilvægt að upplýsingum um merkta fugla sé skilað. Þeir sem skjóta merkta rjúpu eru bednir að senda höfuð fuglsins ásamt merk- inu.

Ef fuglinn er merktur með radiósendi þá er nauðsynlegt að fá sendinn aftur því hann er dýrt rannsóknartæki sem er hægt að endurnýta.

## Helstu upplýsingar sem þurfa að fylgja eru eftirfarandi:

- (1) frá hvaða landi er merkið (nafn merkingastöðvar),
- (2) númerið á merkinu,
- (3) hvernig tegundar fuglinn er talinn vera,
- (4) hvar fuglinn fannst (á sjó: hnit eða fjarlægð og stefna frá stað),
- (5) hvenær fuglinn fannst (dagsetning),
- (6) ástæður fundar (fundinn dauður, vængbrotinn, var skotinn o.s.frv.),
- (7) nafn, heimilisfang og sími tilkynnanda (og finnanda sé hann annar),
- (8) senda merkið (og helst fuglinn, verði því við komið, hafi hann fundist dauður.

Finnendum eru sendar upplýsingar um hvar og hvenær viðkomandi fugl var merktur.

*Með fyrirfram þökkum fyrir samstarfið,  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
sími 562 9822, símbréf 562 0815*

## ALHLIÐA PRENTÞJÓNUSTA

- ✓ Hönnun
- ✓ Pappírssala
- ✓ Filmuvinnsla
- ✓ Umbrot
- ✓ Litprentun
- ✓ Litgreining
- ✓ Bókband
- ✓ Bókaútgáfa
- ✓ Tölvupappír



Glerárgötu 28 • 600 Akureyri  
Símar: 462 2500 & 462 4966  
Fax: 462 7666 • Netfang: [asprent@nett.is](mailto:asprent@nett.is)

# BOÐ OG BÖNN

## ÚRDRÁTTUR ÚR LÖGUM UM VEIÐAR

Athygli skal vakinn á því að í Lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr.64/1994 er umhverfissráðherra veitt heimild til þess að aflétta friðun á vissum fuglategundum. Á grundvelli þessara laga hefur Umhverfissráðherra gefið út reglugerð um Fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum nr. 456/94.

Fuglafriðunarákvæðið í reglugerð er það ákvæði sem er í gildi hverju sinni. T.d. er heimild í lögum til þess að aflétta friðun á súlu og skúm en er ekki í reglugerð þannig

að súla og skúmur njóta friðunar í dag en ungataka súlu er heimil. Einnig er veiðitímabil ýmissa fuglategunda s.s. grágæsa til 31.mars í lögnum en til 15. mars í reglugerðinni og gildir þá sú dagsetning sem er í reglugerðinni. Ef breytingar verða á veiðitímabilum verður það auglýst m.a. á heimasíðu veiðistjóraembættisins [www.nattfs.is/veidi](http://www.nattfs.is/veidi) Á heimasíðunni er m.a. hægt að sjá myndir af öllum tegundum fugla sem má veiða, stutta lýsingu á þeim, veiðitölur 1995 og áætlaða stofnstærð þeirra.

[www.nattfs.is/veidi](http://www.nattfs.is/veidi)

Öllum þeim sem hafa aflað sér veiðikorts eru heimilar fuglaveiðar í almenningum utan landareigna lögbýla enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Landeigendum einum eru heimilar fuglaveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra á landareign sinni.

Við veiðar er m.a. óheimilt að nota.

1. Eitur eða svefnlyf.
2. Sprengiefni, bensín eða önnur efni til þess að svæla með gasi eða reyk.
3. Steina, barefli, eggvopn, skutla, stunguvopn eða áþekka hluti. Þó má nota barefli við hefðbundnar veiðar á fýls- súlu- og skarfsungum.
4. Net nema háf við lunda-, álku, stuttnefju-, og langvírveiða. Fugla sem drepast í netum, sem lögð eru til fiskeiða eða kópaveiða má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf. Lifandi fugla skal greiða úr neti og sleppa.
5. Öngla eða önnur tól sem komið er fyrir í æti.
6. Snörur og snörufléka.
7. Fótþoga eða gildirur.
8. Rafbúnað sem getur drepð eða rotað.
9. Segulbandstæki eða aðra rafknúna hljóðgjafa.
10. Ljósjafa.

11. Búnað til að lýsa upp skotmörk.

12. Spegla eða annan búnað sem blindar.

13. Búnað til þess að miða í myrkri með rafeindatækjum er stækka eða breyta ímyndinni.

14. Sjálfvirk skotvopn svo og handhlaðnar fjölskotabyssur (pumpur) og hálfsjálfvirk með skothylkja-hölfum sem taka fleiri en tvö skot-hylki.

15. Lifandi dýr sem bandingja.

16. Hunda til þess að hlaupa uppi bráð. Hunda má hins vegar nota til að finna bráð og sækja særða eða dauða bráð.

17. Vélknúin farartæki nema báta á sjó enda gangi þeir ekki hraðar en níu sjómílur meðan á veiði stendur.

Vélknúin farartæki á landi má nota til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum eða merktum vegaslóðum. Skotvopn skulu vera óhlaðin meðan á akstri stendur. Þau skulu einnig vera óhlaðin nær vélknúnu farartæki á landi en 250 metra.

Óheimilt er að hleypa af skoti á landi nær fuglabjörgum en 200 m og á sjó nær en 500 m. Aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum. Óheimilt er að veiða fugla í sárum. Þar sem

eggja- eða ungataka súlu, dílaskarfs, toppskarfs, fýls, skúms, hvítmafs, ritu, álku, langvíu, stuttnefju, teistu og lunda telst til hefðbundinna hlunninda, má nýta þau hlunnindi eftirleiðis. Þar sem veiði fullvaxinna lunda, álku, langvíu og stuttnefju í háf telst til hlunninda, má nýta þau hlunnindi eftirleiðis.

Veidar þessar hefjist ekki fyrir en 1. júlí og ljúki eigi síðar en 15. ágúst.

Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða draga úr tjóni af **völdum refa** er **fríðun þeirra aflétt á tímabilinu 1. ágúst til 30. apríl**. Þó geta bændur og æðarræktendur eða aðilar á þeirra vegum skotið refi sem búfenaði eða æðarvarpi stafar bein hættu af. **Heimilt er að veiða mink allt árið um allt land** nema á svæðum þar sem allar veiðar eru bannaðar.

Veidimaður skal skrá alla veiði sína á veiðiárinu og skila veiðiskýrslu árlega á þar til gerðu eyðublaði.

**Veidiár telst vera frá 1. janúar til 31. desember.**

**Veidiskýrslu ber að skila þótt veiðimaður hafi ekkert veitt á árinu.**

Skilyrði fyrir endurnýjun veiðikorts er að veiðiskýrslu um veiði síðasta árs sé skilað með umsókn um endurnýjun á veiðikorti. Veiðistjóraembætti er óheimilt, án leyfis korthafa, að skrá veiði þannig að hægt sé að rekja saman veiði-skýrslu og veiðimann. Allir fuglar, þar með taldir þeir sem koma reglulega eða flækjast til landsins, eru fríðaðir nema þeir sem fríðun hefur verið aflétt á eins og sjá má á töflu hér til hliðar.

**Birt með fyrirvara um breytingar á lögum og reglugerðum.**

**Sportbúð • Títan**  
Seljavegur 2  
Pósthólf 1180



121 Reykjavík  
Sími 551 6080  
Fax 562 6488

Tegund	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mái	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember	Veiditími
Svarfbakur													Allt árið
Sílamáfur													Allt árið
Silfurmáfur													Allt árið
Hrafn													Allt árið
Grágæs													20.8. til 15.3.
Heiðgæs													20.8. til 15.3.
Fýll													1.9. til 15.3.
Dílaskarfur													1.9. til 15.3.
Toppskarfur													1.9. til 15.3.
Blesgæs													1.9. til 15.3.
Helsingi													1.9. til 15.3.
Stökkönd													1.9. til 15.3.
Urtönd													1.9. til 15.3.
Rauðhöfðaönd													1.9. til 15.3.
Duggönd													1.9. til 15.3.
Skúfönd													1.9. til 15.3.
Hávella													1.9. til 15.3.
Toppönd													1.9. til 15.3.
Hvítmáfur													1.9. til 15.3.
Hettumáfur													1.9. til 15.3.
Rita													1.9. til 15.3.
Álka													1.9. til 10.5.
Langvía													1.9. til 10.5.
Stuttnefja													1.9. til 10.5.
Teista													1.9. til 10.5.
Lundi													1.9. til 10.5.
Rjúpa													15.10. til 22.12
Kjöi													15.4. til 14.7.

# VÆNGIR VEITA UPPLÝSINGAR

## NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS



Á Náttúrufræðistofnun Íslands hefur undanfarin ár verið safnað vængjum af rjúpum, öndum og gæsnum frá veiðimönnum. Vængirnir gefa mikilvægar upplýsingar um stofna þessara veiðidýra sem nýtast við rannsóknir á ástandi þeirra. Þær upplýsingar sem fást eru hlutföll ungfugla í veiðinni sem aftur gefur vísbendingu um hvernig varp heppnaðist sumarið fyrir veiðitím-ann og breytingar á þessum þætti milli landshluta. Hjá öndum má einnig fá kynjahlutfall í veiðinni.



Náttúrufræðistofnun Íslands hvetur veiðimenn til að senda inn vængi af fuglum ofangreindra tegunda og leggja þannig rannsóknnum á stofnum veiðidýra lið. Þegar búið er að greina vængina verða niðurstöður teknar saman og þáttakendur fá skýrslu. Vilji menn senda inn vængi

er eingöngu hægri vængur klipptur af. Menn eru bednir að flokka sýnin eftir svæðum samanber meðfylgjandi kort. Hjá rjúpunni nægir að klippa af vænginn við olnboga þannig að handflugfjadrirnar fylgi með. Hjá öndum og gæsnum er aftur á móti best að fá sem mest af vængnum því axlarflugfjadrir eru notaðar til greiningar. Ef vængirnir eru geymdir áður en þeir eru sendir er best að geyma þá lausa þannig að þeir þorni en alls ekki í plasti því þá úldna þeir og mygla. Gott er þó pósthjónustunnar vegna að pakka þeim í plast fyrir sendingu.

*Vængina á að senda til Arnórs Þ. Sigfússonar (endur og gæsir) eða Ólafs K. Nielsen (rjúpur), Náttúrufræðistofnun Íslands, Pósthólf 5320, 125 - Reykjavík.*

## Aldursgreining á rjúpu

Vængfjadrir af fullorðnum fugli að ofan og af unga að neðan. Vængfjadrir unga þekkjast á því að þær eru mjórrí til endanna og tvær ystu fjadrirnar eru með dökkum flikrum sem ekki sjást á fjöðrum fullorðinna fugla.



## VEIÐIKORTAKERFID

Ár	Fj. ums.	Útg. veiðik.	Gr. Veiðik.	Innkoma	Rekstur
1955	11.572	11.516	11.208	16,8 millj.	6,9 millj
1956	12.764	12.664	12.496	18,75 millj.	6,9 millj.
1997	11.500	11.400	11.200	16,75 millj.	6,3 millj.

Tölurnar fyrir árið 1997 eru bráðabirgðatölur með ca. 5% skekkjumörkum.

Eftir fyrri úthlutanir voru 7,7 milljónir í rannsóknarsjóðnum eftir fyrstu tvö árin. Auglýst var eftir umsóknum um styrki og eftirtaldir fengu úthlutað úr sjóðnum.

	Heiti verkefnis	Ranns. tími	Styrkfjárh. í á i kr.	Stofnun	Styrkþegi
1	Ranns. á ferðum melrakka á 1. vetri	3 ár	2.000.000,-	Líffræðist. HÍ	Páll Hersteinnss.
2	Rannsóknir á isl. villiminknum	3 ár	2.000.000,-	Líffræðist. HÍ	Páll Hersteinnss.
3	Ranns. á fugladauda af völdum netja á Mýv.	1 ár	300.000,-	RAMÝ	Árni Einarsson
4	Fuglar og raflínur	1,5 ár	600.000,-	Náttúrufr.st. Íslands	Ólafur Einarsson
5	Ahrif veiða hrafnastofninn	3 mánn.	600.000,-	Náttúrufr.st. Íslands	María Harðard.
6	Athugun á viðkomu og afföllum hjá grágæsnum	1-2 mánn.	330.000,-		Haldór W. Stefánsson
7	Vortalningar á gæsnum og álfutum á Héraði	0,5 mánn.	128.000,-		Haldór W. Stefánsson
8	Ahrif veiða á lundast. á afm. sv. og veiðipoli	2 ár	300.000,-		Gísli J. Óskarsson
9	Félagskerfi gráanda að vetrarlagi	3 ár	642.000,-	Líffræðist. HÍ	Arnþór Garðarsson
10	Stofnbreytingar dilaskarfs og orsakir	6 mánn.	600.000,-	Líffræðist. HÍ	Arnþór Garðarsson
	Samtals		7.700.000,-		

Í úthlutunarnefnd sitja Sólmundur T. Einarsson fiskifræðingur f.h. Skotvís, Hrafnkell Karlsson f.h. Bændasamtakanna og Skarphéðinn Þórisson líffræðingur f.h. ráðuneytisins.

EINSTAKT VERK ÓLAFS E. FRÍÐRIKSSONAR

ÍSLENSK NÁTTÚRA Í ÖNDVEGI

BIBLÍA VEIÐIMANNINS



Hreinn veiðipjarkur



Afkomandi ótal kynslóða



Remington 11-87 Premier,  
formfögur og skotvís

**Remington®**

Umboð á Íslandi:

**Veidiland**